



Skrifstofa Alþingis – nefndasvið
b.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Sent í tölvupósti
Reykjavík, 12. apríl 2021

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, og lögum um stofnun Landsnets hf., nr. 75/2004 (forsendur tekjumarka, raforkuöryggi o.fl.), 628. mál


Vísað er til tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 29. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, og lögum um stofnun Landsnets hf., nr. 75/2004, 628. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að skerpa á skilgreiningu nokkurra hugtaka ásamt því m.a. að auka skilvirkni varðandi framlagningu kerfisáætlunar, en meginefni frumvarpsins snýr að breytingum á eignarhaldi Landsnets þar sem aukin áhersla er lögð á gæði raforku og afhendingaröryggi. Miklir hagsmunir felast í setningu og viðmiðum tekjumarka þar sem þau stýra gjaldskrá flutningsfyrirtækisins Landsnets og dreifiveitna. Að stærstum hluta megi því rekja tilefni frumvarpsins til þessa þar sem að ramma og ákvæði raforkulaga um setningu tekjumarka séu skýr og skilvirk um setningu tekjumarka.

Athugasemdir Bændasamtaka Íslands


Betri nýting flutningskerfisins, samfara auknum flutningi rafmagns milli landshluta, getur dregið úr verðhækkunum. Ef raforkunotkun eykst fæst betri nýting á flutningskerfið sem heldur þá aftur af verðhækkunum. Það getur því falið í sér jákvæða þróun fyrir notendur kerfisins að flutningur aukist. Hins vegar telja Bændasamtökin þó nokkuð óljóst hvort að þær breytingar á lögnum sem frumvarpið fjallar um feli raunverulega í sér þá hagræðingu sem notendahópur í landbúnaði þarf á að halda. Má hér til að mynda benda á breytingu á lögum um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, 336. mál þar sem markmiðið var að jafna kostnað landsmanna óháð búsetu, við flutning og dreifingu raforku. Samtökin lýstu yfir áhyggjum við meðferð þingmálsins þar sem að fyrirhugaðar hækkunar á gjaldskrá gerðu framlagið að engu en á sama tíma hafði Landsnet boðað hækkun gjaldskrár um 9,9% til dreifiveitna sem tók gildi 1. janúar sl. Hefur raunin orðið sú að jöfnun til viðbótar við auglýsta gjaldskrárhækkun Landsnets hefur orðið þess valdandi að allir notendur greiða meira núna en þeir gerðu fyrir áramót, þ.e. bæði í dreifibýli og þéttbýli. Sú hækkun sem tók því gildi um áramótin hefur komið til hækkunar á framleiðslukostnaði í landbúnaði, hjá afurðastöðvum og ekki síst á ylræktuðum garðyrkjuafurðum þar sem orkukaup eru einn stærsti þátturinn í framleiðslukostnaði, auk launakostnaðar.

Ekki er einfalt að átta sig á áhrifum frumvarps þessa á flutnings- og dreifingarkostnað raforku. En í greinargerð segir að hugsanlega verði áhrifin til lækkunar á flutnings- og dreifingarkostnað. Bændasamtök Íslands benda á mikilvægi þess að þær breytingar sem gerðar verði séu til þess að lækka kostnað þar sem að raforkukostnaður hefur aukist verulega sem hlutfall af heildaraðfanganotkun landbúnaðar síðustu ár (Mynd 1.).



Mynd 1. Samanburður á þróun raforku í aðfanganotkun landbúnaðar 2007 – 2019. Vísitala raforkukostnaðar byggir á verðlagi hvers árs. Gögn frá Hagstofu Íslands.

Þá segir í kerfisáætlun Landsnets að fyrirsjáanlegt sé að flutnings- og dreifikostnaður muni aukast verulega á næstu árum vegna fjárfestinga (Mynd 2.). Nauðsynlegt er að leita leiða til þess að draga úr þessari kostnaðarhækkun án þess að hægt sé á hagræðingu. Að öðrum kosti verður þessi hækkun til þess að draga úr samkeppnishæfni innlendra landbúnaðarvara eða lækka afkomu bænda.



Mynd 2. Möguleg gjaldskrárþróun dreifiveitna – mynd fengin úr kerfisáætlun Landsnets fyrir árin 2020 til 2029.

Aukin skilvirkni við framlagningu kerfisáætlunar og einföldun

Bændasamtökin eru mjög hlynnt því fyrirkomulagi sem á sér stað við undirbúning kerfisáætlunar í gegnum samráðshóp Landsnets. Hins vegar taka samtökin undir það að vinnan er tímafrek og hefur orðið til þess að erfitt er að leggja fram kerfisáætlun árlega. Í því ljósi taka samtökin undir þá breytingu að í stað þess að kerfisáætlun sé lögð fram árlega verði hún lögð fram annað hvert ár.



Athugasemdir við ákvæði 13. gr. frv. - aðgerðir vegna trjágróðurs

Með greininni er lagt til nýtt ákvæði um heimildir flutningsfyrirtækis og dreifiveitna til aðgerða vegna trjágróðurs innan helgunarsvæða raflína til að tryggja öryggi raforkukerfisins og almannaöryggi. Geymir frumvarpið heimildir flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna til að grisja trjágróður á helgunarsvæðum flutnings- og dreifilína þegar brýn nauðsyn krefur og hætta er á truflunum í rekstri á flutnings- og dreifikerfi raforku. Bændasamtökin vilja af þessu tilefni benda á að ef skerða á eignarréttindi manna þurfa að koma til þess bætur enda tekur ákvæði 1. mgr. 72. gr. stjkskr. til fjárhagslegs tjóns sem hlýst af aðgerðum eins og þeim er lýst í ákvæðinu. Bændasamtökin brýna fyrir nefndinni að bæta í umfjöllun um þetta atriði í skýringum með greinargerð.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands



Guðrún Vaka Steingrimsdóttir